

Miðvikudaginn 15. desember 1948.

Nr. 123/1948. **Valdstjórnin** (Hdl. Jón N. Sigurðsson)

gegn

Guðmundi Vigfússyni

(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Kærði var staðinn að því að vera með botnvörpu í sjó í landhelgi, og hefur hann ekki fært sennileg rök fyrir því, að vörpunni hafi verið kastað í öðru skyni en til fiskveiða. Með þessari athugasemd og að því athuguðu, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú hið sama, sem getur í héraðsdómi, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur á sekt kærða ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa, og komi 6 mánaða varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan þess tíma.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 900.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur á sekt kærða Guðmundar Vigfússonar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa, og komi 6 mánaða varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan þess tíma.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, cand jur. Jóns N. Sigurðssonar og Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Guðmundi Vigfússyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Vigfússyni skipstjóra, Helgafellsbraut 15 í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur í Vestmannaeyjum 10. febrúar 1906 og því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

- 1930 $\frac{7}{8}$ Sætt í Reykjavík, 50 króna sekt fyrir ölvun.
- 1930 $\frac{4}{8}$ Sætt á Siglufirði, 90.00 króna sekt og 7.00 króna skaðabótageiðslu fyrir götuóspektir og fataspjöll.
- 1932 $1\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Vestmannaeyja, 300.00 króna sekt fyrir brot gegn 101. gr. hegningarlaga.
- 1933 $1\frac{1}{3}$ Kærður fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt Vestmannaeyja. Sannaðist ekki og látið falla niður.
- 1933 $1\frac{1}{4}$ Sætt í Vestmannaeyjum, 50.00 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1937 $2\frac{1}{2}$ Sætt í Vestmannaeyjum, 25.00 króna sekt fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt Vestmannaeyja.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz s. l. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvælinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfred Eliasson flugstjóri, Eskihlið 7 og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af Pálma Loftssyni, framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða, í því skyni að athuga um ólögmætar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4 og Eyjólfur Hafstein 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest frásögn hans, svo og báðir fyrrgeindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti, sem þeir hafa verið spurðir. Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krisuvíkurborg. Síðan hafi verið flogið yfir bergkantinn með stefnu á Selvogsvita. Klukkan 10.53 hafi verið flogið yfir togbát, staddan á Herðisárvík vestanverðri. Við athugun hafi komið í ljós, að togbátur þessi hafi verið v/b Vonin VE 113 frá Vestmannaeyjum, en hún er að stærð 65 smálestir brúttó, með 160 hestafla vél, og eru

eigendur hennar kærði Guðmundur Vigfússon og bræður hans tveir, Jón Vigfússon og Guðlaugur Vigfússon, báðir til heimilis í Vestmannaeyjum. Voru allir eigendurnir á bátnum í þetta skipti, kærði Guðmundur skipstjóri, Jón 1. vélstjóri og Guðlaugur háseti. Þar eð landhelgisgæzlumönnum virtist v/b Vonin vera að ólöglegum togveiðum í landhelgi, gerðu þeir sérstakar athuganir um stað hennar og athafnir. Var flugvélin látin fljúga austur með skipinu og nokkuð austur fyrir það, síðan vestur með því aftur og nokkuð vestur fyrir það. Loks var flogið aftur austur með skipinu og haldið áfram austur með landi til að athuga, hvort ekki væru fleiri skip eða bátar að ólöglegum veiðum í landhelgi. Á tveim fyrrgreindu ferðunum var staðarákvörðun bátsins ger og athafnir á honum athugaðar. Var flogið eins nálægt bátnum og flugmennirnir töldu óhætt, og er ágreiningslaust í máli þessu, að mjög nálægt honum hafi verið flogið. Reyndist staður bátsins í fluglinunni, þegar flogið var í beina línu frá Krísvíkurbergi með stefnu á Selvogsvita. Taldi Jón skipherra í fyrstu stað bátsins 2.8 sjómílur innan landhelgislínu, og kvað kærði Guðmundur það áreiðanlega svo nærri réttu lagi, að hann sá ekki ástæðu til að véfengja það. Síðar markaði skipherrann stað bátsins á sjókort með stærri mælikvarða en kort það hafði, er hann markaði staðinn á í fyrstu, og bar um staðarákvörðunina eftir. Kom þá í ljós, að kortið, er hann hafði markað stað bátsins á fyrr, hafði ekki verið fyllilega nákvæmt vegna smæðar sinnar, og reyndist staður bátsins að réttu vera 2.65 sjómílur innan landhelgislínu. Var stærra kortið með ámörkuðum stað bátsins af skipherranum lagt fram í rannsókn málsins og ekki gerðar athugasemdir um hann af Unnsteini Beck lögfræðingi, er dómarrinn hafði falið að gæta réttar kærða, er sjókortið var lagt fram, þar eð það var gert í Reykjavík, að kærða fjarstöddum. Þá hlutaðist dómarrinn og til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrverandi varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarsins. — Að þessu athuguðu, svo og því, að staðarákvörðunin hefur fyllstu stoð í vitnaframburðum flugmannanna, þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Vonin hafi verið stödd á vestanverðri Herðisrvík, 2.65 sjómílur innan landhelgislínu, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hana á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína sáu gæzlumennirnir, að verið var að draga inn botnvörpu á v/b Voninni. Töldu þeir hana því vera að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeim komu heim, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti, og kærðu skipstjórnann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn síðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, 2. f. m., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7.

sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi farið í róður frá Vestmannaeyjum aðfaranótt 30. marz s. l., klukkan um 4. Fyrst hafi hann varpað botnvörpu sinni um 20 sjómíllur NVa N frá Faxaskeri, en síðan flutt sig og verið að veiðum vestur undir Selvogi frá klukkan 11 greindan dag til klukkan um 3.30 aðfaranótt 31. marz. Í síðasta toginu þar hafi varpan rifnað svo mikið, að hann hafi þurft að taka í notkun varavörpu, er hann hafði um borð. Til þess að hún yrði veiðihæf, hefði þó þurft að gera nokkuð við hana, auk þess sem þurft hefði að „slá undan“ vörpunni, er rifnað hefði (þ. e. losa hana frá fótrepinu) og „slá undir“ varavörpuna (þ. e. festa hana við fótreipið). Varavarpan hafi verið geymd uppi á palli á hæð við bátapílfar yfir afturhluta bátsins og hafi þurft að vinna að lagfæringu hennar þar. Hafi sér því þótt öruggara, vegna þeirra, er að henni unnu, að sigla upp undir land, og einnig hafi það ýtt undir sig um að sigla upp undir, að hann hafi í þetta skipti verið að gera tilraunir um breytingu á vörpunni, enda hefði hún áður reynzt verr en skyldi, og hafi hann því viljað athuga hana í næði. Af þessum ástæðum segist hann hafa siglt af stað inn á Herðisarvík kukkan um 4 að morgni hins 31. marz s. l. og verið kominn þangað klukkan um 5 um morguninn. Sagði hann í fyrstu, að ekkert hefði verið unnið að fyrrgreindum aðgerðum við vörpunar á leiðinni upp undir, en síðar, eftir að nokkrir bátverjar höfðu borið, að þeir hefðu unnið að báðum vörpunum á leiðinni, sagði hann, að eitthvað hefði verið unnið að rifnu vörpunni, og einnig kynni eitthvað að hafa verið unnið að varavörpunni, en þó að sér óafvitandi og ekki eftir skipun sinni. Er komið hafði verið inn á Herðisarvík, hafi verið unnið óslitið að aðgerðum, unz þeim hafi verið lokið um það leyti, er gæzluflugvélin flaug yfir bátinn, klukkan 10.53. Er flugvélin flaug yfir, hafi verið svo ástatt um borð, að toghlerarnir hafi hangið í gálganum utanborðs, aðgerðinni á varavörpunni hafi verið lokið, búið hafi verið að lása vörpustrengina („grandrópana“) í vörpuvænginn og varpa vörpunni af fyrrgreindum palli í sjóinn, en að því loknu hafi varpan verið dregin fram með bátnum og síðan dregin inn stjórnborðsmegin á venjulegum stað eins og eftir tog. Þegar er því hafi verið lokið, segir kærði, að siglt hafi verið af stað út af víkinni, og er það í samræmi við framburði gæzlumanna.

Þá aðferð við flutning varavörpunnar niður á pílfar, er nú hefur verið lýst, telur kærði hafa verið alveg eðlilega, eins og þarna hafi staðið á, enda í samræmi við venju sína.

Samkvæmt því, er nú var rakið, hefur kærði þannig viðurkennt, að verið hafi verið að draga vörpuna inn stjórnborðsmegin á bát-

um, þegar flugvélin flaug yfir hann, enda þótt hann hafi ekki viljað viðurkenna að hann hafi verið að togveiðum þarna. Einnig hefur hann viðurkennt, að nokkur óaðgerður afli hafi verið á þilfari bátsins.

Í rannsókn málsins voru bátverjar kærða krafðir vættis. Eru tímaákvæðanir vitna þessara nokkuð á reiki, en í aðalatriðum eru vitnaskýrslur þeirra svipaðar frásögn kærða. Verða nú framburðir bátverja, þeir, er nokkurs eru verðir, raktir um þau atriði, er máli þykja skipta.

Vitnið Einar Jóhannsson stýrimaður segir, að nokkur suðaustan kvika hafi verið, en þó ekki nein að ráði, og einhver gola eða andvari. Hættulaust hafi verið að vinna að vörpunni úti og sæmileg aðstaða. Ekki hafi verið togað á Herðisarvík, en varavörpunni verið varpað fyrir borð, og hún síðan dregin inn á stjórnborðshlið.

Vitnið Magnús Pálsson háseti segir, að unnið hafi verið að vörpuaðgerðunum á leiðinni að landi. Að aðgerðunum inni á Herðisarvík loknum hafi varavörpunni verið varpað í sjóinn til inndráttar á þilfar bátsins. Ekki hafi verið togað á vikinni.

Vitnið Rafn Kristjánsson háseta minnr, að svolítil alda hafi verið, þegar hætt var að toga og varpan rifnaði, en man ekki eftir vindi. Vann vitnið að aðgerðum beggja varpanna á leiðinni til lands, og kveður að aðstaða við það hafi ekki verið neitt venju fremur vond. Aðgerðunum hafi verið lokið inni á Herðisarvík og vörpunni þá verið varpað í sjóinn af pallinum og hún síðan dregin inn stjórnborðsmegin á venjulegum stað.

Vitnið Jón Vigfússon 1. vélstjóri, sem er bróðir og sameigandi kærða að v/b Voninni, segir, að er aðgerð varavörpunnar hafi verið lokið, hafi henni verið kastað í sjóinn af pallinum og síðan dregin inn á venjulegum stað á bátnum. Ekki hafi verið togað á Herðisarvík. Sig minni, að veður hafi verið sæmilegt að morgni hins 31. marz s. l., en eitthvað rugl í sjóinn.

Vitnið Guðlaugur Vigfússon háseti, sem einnig er bróðir kærða og sameigandi hans að v/b Voninni, segir, að ekki hafi verið meiri veltíngur úti fyrir en svo, að hægt hafi verið að vinna að vörpuaðgerðunum þar, og kveðst sjálft hafa unnið að þeim, bæði á þilfari og pallinum á leiðinni að landi. Hafi aðgerðirnar gengið sæmilega á leiðinni, en þeim verið lokið á Herðisarvík. Síðan hafi varavörpunni verið varpað í sjóinn til inndráttar á sinn stað á þilfarinu. Telur vitnið, að nokkuð hafi þurft að gera við varavörpuna, og gizkar á, að það hafi verið 3—4 klukkustunda verk fyrir sig eitt, en auk viðgerðarinnar hafi þurft að „slá undir“ vörpuna, en því sé almennt ekki unnt að ljúka á skemmri tíma en 1—1½ klukkustund.

Um hina sérstöku afstöðu vitnanna Jóns og Guðlaugs er þegar getið. Öll taka vitnin kaup sitt í aflahlut. Voru þau og öll enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru spurð. Geta þau af

Þessum ástæðum ekki talizt óaðfinnanleg, og verður að meta fram-
burði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

Ekki verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi at-
hugað athafnir bátverja við góða aðstöðu. Þeir flugu mjög nálægt
bátum og oftast en einu sinni. Athuguðu þeir, hvað fram fór um
borð, bæði með berum augum og eins með sjónaukum. Kveðast þeir
hafa séð vel út um glugga flugvélarinnar, enda hafi þeir verið fægðir
sérstaklega í því skyni, áður en ferðin var hafin. Vængirnir voru
fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Í þessu sambandi
lætur dómariinn þess getið, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera
sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig
að togbáti á veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar at-
hugunar á bátum, t. d. hafi dragstrengirnir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra telur öruggt, að sá inndráttur vörp-
unnar, er það sá á Herdisarvíkinni, hafi verið venjulegur inndráttur
eftir tog, og hafi öll vinnubrögð um borð bent til þess. Auk þess sá
vitnið óaðgerðan afla á þílfari bátsins.

Vitnið Eyjólfur Hafstein 1. stýrimaður sá einnig greinilega að ver-
ið var að draga vörpuna inn og gat ekki ályktað annað, en að sá
inndráttur væri eftir nýlokið tog, enda hafi hlerarnar hangið í gál-
gunum utanborðs. Þá sá vitnið Eyjólfur og einhvern afla á þílfari
bátsins.

Hafa landhelgisgæzlumennirnir báðir unnið eið að framburðum
sinum.

Svo sem ljóst er af framangreindum vitnaframburðum, var gott
veður á þeim tíma, er kærði telur vörpu sína hafa rifnað. Alda virðist
ekki hafa verið nein að ráði, og segir kærði, að slysalaust myndi hafa
gengið að gera þær ráðstafanir, er gera þurfti, strax á þeim stað,
er varpan rifnaði, enda er meira en hnéhá grind umhverfis pallinn,
er varavarpan var á. Koma þessar lýsingar veðurs og sjólags einnig
heim við vottorð Veðurstofunnar, er aflað var og lagt fram í rann-
sókn málsins. Virðist af þessum ástæðum harla ólíklegt, að kærði,
sem kveðst hafa viljað flýta aðgerðunum sem mest til þess að komast
sem fyrst á veiðar aftur, hafi eytt tíma í heillar klukkustundar nauð-
synjalitla siglingu upp að landi. — Eftir skýrslu kærða hafa liðið um
það bil 7 klukkustundir frá því að hann lagði af stað til lands, unz
hann telur aðgerðunum við vörpuna hafa verið lokið á Herdisarvík.
Af gögnum málsins er ljóst, að hinar töldu aðgerðir voru ekki meiri
en svo, að þeim mátti ljúka á mun styttri eða líklega meira en
helmingi styttri tíma. — Alda sú, er kærði kveður sig hafa verið
að forðast, var austsuðaustan. Hann var þó á Herdisarvík vestan-
verðri, er yfir hann var flogið, og því öfugu megin til að forðast
ölduna. — Ekki varpaði kærði akkeri á vikinni, enda þótt það virðist
hafa verið mun eðlilegra og áhættuminna fyrir hann, ef ekkert hefði
gerzt annað en í frásögn hans greinir. — Þá var og óaðgerður afli á

þílfari bátsins, og þykir ólíklegt, að kærði, sem ekki er annað upp-
vist um, en að hann sé góður og gegn fiskimaður, láti að ástæðu-
lausu afla sinn liggja óaðgerðan meira en 7 klukkustundir. — Svo
sem kunnugt er, forðast sjómenn yfirleitt að bleyta veiðarfæri sín
að ástæðulausu. Varavarpa kærða var þurr á pallinum. Hún er að
sögn kærða 51 fet á lengd og líklega um 150 kg að þyngd. Virðist því
ekki eðlilegt að ætla, að þeim aðferðum hefði verið beitt um flutning
hennar af pallinum á þílfarið, er kærði hefur lýst, enda þótt átt
hefði að flytja hana þann spöl.

Þau atriði, er nú hafa verið rakin, þykja vera þess eðlis, að þegar
þau eru virt, verði að telja mikið bresta á, að kærði hafi gert nægi-
lega glögga grein gert fyrir eðlilegri för sinni til Herdisarvíkur í
umrætt skipti, hinni löngu dvöl sinni þar og inndrætti vörpunnar,
er gæzlumennirnir sáu, og kærði viðurkennir, að þarna hafi átt sér
stað. Verður því að telja nægilega sannað með fyrrgreindum full-
gildum og eiðfestum vitnaframburðum landhelgisgæzlumannanna,
Jóns Jónssonar skipherra og Eyjólfss Hafsteins 1. stýrimanns, að kærði
hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á þeim
tíma og stað, er flugvélin flaug yfir v/b Vonina og sem fyrr er
greindur, þrátt fyrir gagnstæða framburði bátverja, er samkvæmt
framanskráðu engir geta talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður
og að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða,
þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja
kærða hafa gerzt sekan við 1. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920
um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um
að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing
kærða, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100
gullkrónur 294.46 pappírskrónur) hæfilega ákveðin 29 500.00 króna
sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd
innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana
með 7 mánaða varðhaldsvist. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri,
þar með taldir dragstrengir, er innanborðs voru í v/b Voninni, upp-
tæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands. Loks skal
kærði greiða allan kostnað sakarinnar.

Rekstur máls þessa hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Guðmundur Vigfússon greiði 29 500.00 króna sekt til
Landhelgissjóðs Íslands. Skal sektin greidd innan 4 vikna frá
lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 7
mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um
borð í v/b Voninni, VE 113, skulu upptæk ger og andvirðið
renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.